



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Mat á tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst 2023

Mat á tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	1
Inngangur.....	3
Mat á tilraunaverkefninu.....	4
Rýnihópar barna.....	5
Viðhorfskönnun til foreldra.....	5
Viðhorfskönnun starfsfólks.....	6
Starfsstaðir og framkvæmd.....	6
1. Upplýsingagjöf.....	8
Framkvæmd.....	8
Viðhorf foreldrar til upplýsingagjafar:.....	8
Viðhorf starfsmanna til upplýsingagjafar:.....	8
2. Almennt skipulag.....	9
Almennt um skipulagið.....	9
Rýnihópur barna.....	9
Foreldrakönnun.....	12
3. Líðan barna.....	12
Rýnihópur barna.....	12
Foreldrakannanir.....	13
Aðlögun við upphaf skólagöngu.....	13
Viðhorf kennara í 1.bekk.....	14
Aðlögun á frístundaheimilinu.....	15
Afstaða foreldra til þess að börn fari á frístundaheimilið í stað þess að fara aftur á leikskóla. ...	17
4. Fjárhagslegt mat.....	17
Samantekt á niðurstöðum mats.....	18
Upplýsingagjöf.....	18
Almennt skipulag.....	18
Líðan barna.....	18
Fjárhagslegt mat.....	19
Fylgiskjöl:.....	21

Kafli 1.-3:

- *Viðhorfskönnun foreldra í 1. og 2. bekk og starfsfólks sem tóku þátt í tilraunaverkefninu.*
 - *Ingibjörg Íris Þorvaldsdóttir, verkefnisstjóri í teymi árangurs og gæða á skrifstofu sviðsstjóra SFS*
- *Rýnihópar barna í 1. bekk.*
 - *Sigrún Harpa Magnúsdóttir, verkefnisstjóri í teymi árangurs og gæða á skrifstofu sviðsstjóra.*

Kafli 4:

- *Samantekt á fjárhagslegu mati*
 - *Haukur Þór Haraldssonstofa, sérfræðingur á fjármálaskrifstofu SFS*

Inngangur

Reglubundið hefur komið fram umræða þess efnis að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021 var lögð fram tillaga: *Um að börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.* Tillögunni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Í greinargerð með tillögunni er fjallað um það að með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir þennan hóp nýrra nemenda væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hæfist af fullum krafti. Einnig var bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrir til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfrí lýkur. Áhersla var lögð á að helstu kostnaðarliðir séu metnir og tillagan útfærð og aðlöguð með tilliti til barna, foreldra, starfsfólks og kostnaðar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. mars 2023 var samþykkt að hefja tilraunaverkefni um dvöl á frístundaheimili frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að velja starfsstöðvar til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Samþykkt var að verkefnið myndi hefjast í ágúst 2023 og að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið.

Stofnaður var innleiðingarhópur sem í sátu Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri grunnskólamála, Ólafur Brynjar Bjarkason skrifstofustjóri leikskólamála, Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundamála. Frá Austurmiðstöð voru Bára Birgisdóttir fagstjóri grunnskóla, Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar, Hildur Lilja Jónsdóttir fagstjóri leikskóla. Frá Suðurmiðstöð voru Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir fagstjóri grunnskóla Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri leikskóla og Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.

Þeir starfsstaðir sem valdir voru til að taka þátt í tilraunaverkefninu eru: Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt, leikskólinn Rauðhóll, Rimaskóli, frístundaheimilið Tígrisbær, leikskólinn Laufskálar, leikskólinn Fífuborg, leikskólinn Lyngheimar, Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel, leikskólinn Bakkaborg og leikskólinn Borg. Á fundi borgaráðs 27. júlí var síðar samþykkt breyting á tilraunaverkefninu þannig að öll börn sem hefja nám í skólunum fengu boð um að taka þátt í tilraunaverkefninu, en áður var það takmarkað við ofangreinda leikskóla.

Vorið 2023 voru 136 börn í útskriftarárgangi ofangreindra leikskóla og það var gert ráð fyrir að 90% barnanna tækju þátt í starfinu eða um 122 börn, sem áætlað var að myndu skiptast nokkuð jafnt milli þessara þriggja frístundaheimila.

Gert var ráð fyrir að bjóða upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir börnin frá 9. ágúst til 18. ágúst eða í 8 daga. Kostnaður vegna dvalarinnar fyrir foreldra er kr. 14.750 kr. gjald fyrir 8 daga. Fjöldi daga er þó breytilegur eftir því hvenær viðkomandi leikskóli lokaði yfir sumarið. Skólasetning grunnskólanna var 22. ágúst. Starfsfólk kom frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og höfðu frístundaheimilin þrjú umsjón með verkefninu. Gert var ráð fyrir að starfsfólk leikskóla sem sinnir sérhæfðum stuðningi fylgdi börnum í frístundastarfið.

Börn í útskriftarárgangi ofangreindra leikskóla fengu uppsögn á sínu leikskólaplássi í júní og komu ekki til baka eftir sumarlokun leikskólanna. Verkefnið var kynnt fyrir foreldrum þessa barnahóps í byrjun júní og fengu þau frest fram í lok júní til að innrita börn sín. Greitt var fyrir dvölinu í lok ágúst og því kom ekki til að foreldrar þyrftu að greiða bæði fyrir dvöl á leikskóla og frístundaheimilið á sama tíma. Eins og í almennum sumarfrístundinni þá komu börnin með nesti fyrir daginn.

Gert var ráð fyrir því að starfsemin færi fram í húsnæði grunnskólanna þar sem frístundaheimilin eru að reka sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4. bekk fram að skólasetningu og gekk það eftir nema í Tígrisbæ þar viðhaldsvinna var í Rimaskóla.

Hingað til hefur aðlögun nýrra barna í leikskóla ekki hafist fyrr en í kringum skólasetningu grunnskóla og stendur sú aðlögun oft langt fram á haustið. Dvöl á frístundaheimili í ágúst fyrir elstu börn leikskólanna gefur leikskólunum svigrúm til að undirbúa aðlögun yngri barna fyrr en ella.

Stjórnendur skóla- og frístundastarfs í Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð skiluðu greinargerðum um reynslu sumarsins og þar kom fram að undirbúningur hefði þurft að vera lengri. Einnig komu fram ábendingar um að sumarlokanir leikskóla og frístundaheimila þarf að samræma svo hægt sé að virkja annað markmið verkefnisins en það er að undirbúa aðlögun nýrra barna í leikskólana fyrr. Tryggja þarf öllum börnum fjögurra vikna sumarleyfi, orlof starfsmanna þarf að miðast við að fólk sem á að taka þátt í verkefninu sé mætt til starfa, stuðningsfulltrúar grunnskólans þurfa að koma fyrr úr sumarleyfi til að taka þátt og hefur það áhrif á orlof og mögulega úttekt á styttingu. Skipuleggja þarf húsnæði sem á að nýta og starfsfólkið þarf mun lengri tíma til að skipuleggja og undirbúa alla þætti verkefnisins, sérstaklega frístundafræðingurinn sem á að stýra starfi með hópi fólks sem kemur úr sitt hverri áttinni og þekkt lítið eða ekkert. Einnig kom fram að mikilvægi þess að huga sérstaklega að börnum sem koma úr leikskólum utan hverfis og þekkjá engan sem kemur að verkefninu. Þetta eru börn sem ekki hafa verið í leikskólum í hverfinu en eru að fara í viðkomandi grunnskóla og frístundaheimili. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um meiri aðkomu að þeim börnum og jafnvel að mynda hóp með þeim sem er á ábyrgð ákveðins starfsfólks til að byrja með þar sem þau þurfa mögulega frekari athygli og aðlögun.

Bent var á að skráning þarf að hefjast fyrr helst ekki seinna en í mars/apríl svo skipulagning verði einfaldari. Huga þarf að því að þeir starfsmenn sem sinni verkefninu hafi meiri tíma til að undirbúa og kynnast þar sem þeir koma frá mismunandi starfstöðum.

Almennt var viðhorf jákvætt gagnvart verkefninu en mikilvægt að hefja undirbúning fyrr og tryggja starfsmenn og húsnæði fyrir starfseminu með góðum fyrirvara. Greinargerðir skóla- og frístundaþjónustu miðstöðvanna tveggja má finna í fylgiskjölum.

Mat á tilraunaverkefninu

Við mat á verkefninu voru eftirfarandi áhersluþættir til grundvallar:

1. Upplýsingagjöf
2. Almennt skipulag
3. Líðan barna
4. Fjárhagslegt mat

Starfsfólk á skrifstofu sviðstjóra á skóla- og frístundasviði hélt utan um mat á áhersluþáttum 1-3 og fjármálskrifstofa skóla- og frístundasviðs hélt utan um áhersluþátt nr. 4. Matsaðilar unnu skipulag matsins í samstarfi við leikskóla, - grunnskóla, - og frístundaskrifstofu og kynntu á fundi með starfshóp verkefnisins áður en matið fór fram.

Áherslupættir 1-3 voru metnir með eftirfarandi hætti:

- Rýnihópar barna í skólum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Í hverjum skóla var einn rýnihópur barna sem tók þátt og annar rýnihópur barna sem tók ekki þátt.
- Foreldrar barna í 1. og 2. bekk í tilraunaskólunum fengu könnun, bæði foreldrar sem áttu börn sem tóku þátt og tóku ekki þátt. Foreldrar barna í 2. bekk voru samanburðarhópur, en þeirra börn hófu skólagöngu í tilraunaskólunum við óbreytt fyrirkomulag árinu áður.
- Viðhorfskönnun til stjórnenda og starfsmanna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila sem tóku þátt í tilraunaverkefninu, þ.m.t. kennara í 1. bekk í grunnskólum sem tóku þátt.

Rýnihópar barna

Rýnihópar barna voru samtals 6. Fjöldi barna sem tók þátt voru 33, þar af 16 stúlkur og 17 drengir. Af 33 börnum komu 31 úr hverfisleikskólum og 2 börn komu úr leikskóla utan hverfis.

Rýnihópar barna í 1. bekk	Fjöldi rýnihópa	Fjöldi og samsetning
Breiðholtsskóli – 3. okt. 2023 Börn sem tóku þátt í verkefninu	1	6 börn (3 stúlkur – 3 drengir)
Norðlingaskóli – 26. sept. 2023 Börn sem tóku þátt í verkefninu	1	6 börn (3 stúlkur – 3 drengir)
Rimaskóli – 2. okt. 2023 Börn sem tóku þátt í verkefninu	1	6 börn (3 stúlkur – 3 drengir)
Breiðholtsskóli – 3. okt. 2023 Börn sem tóku ekki þátt í verkefninu	1	4 börn (2 stúlkur – 2 drengir)
Norðlingaskóli – 26. sept. 2023 Börn sem tóku ekki þátt í verkefninu	1	5 börn (3 stúlkur – 2 drengir)
Rimaskóli - 2. okt. 2023 Börn sem tóku ekki þátt í verkefninu	1	6 börn (2 stúlkur – 4 drengir)

Viðhorfskönnun til foreldra

Viðhorfskönnun til foreldra í 1. bekk var send foreldrum þann 4. október og stóð svörun yfir frá 4. október til og með 31. október. Könnunin var send á 264 netföng foreldra, hægt var að svara á íslensku og ensku. 144 svör bárust af 264 þar af voru fjórir sem luku ekki við að svara öllum spurningum. Svarhlutfall var því í kringum 54,5%. Hér er þó gott að hafa í huga að könnunin var send út á báða foreldra eftir aðstæðum. Fjöldi barna í 1. bekk í skólunum þremur er 146. Því mætti ætla að minnsta kosti annað foreldri hafi í flestum tilfellum svarað könnunni. Markmiðið með könnunni var að fá fram viðhorf foreldra til tilraunaverkefnisins.

Þá var einnig send könnun á foreldra barna í 2. bekk í skólunum þremur. Markmiðið með þeirri könnun var að hafa samanburðarhóp barna sem byrjuðu í skólunum við óbreytt fyrirkomulag. Könnunin var send út á netföng 240 foreldra, hægt var að svara á íslensku og ensku. 85 svör bárust af 240. Þar af voru 13 sem luku ekki við að svara öllum spurningum. Svarhlutfall var því í kringum 35%. Hér þarf þó

einnig að hafa í huga að könnunin var send út á netföng beggja foreldra eftir aðstæðum. Fjöldi barna í 2.bekk í umræddum skólum er 131.

Viðhorfskönnun starfsfólks

Viðhorfskönnun til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila sem tóku þátt í tilraunaverkefninu var send út þann 28. september og stóð svörun yfir til og með 31. október. Könnunin var send út á 47 starfsmenn og bárust svör frá 31. Svarhlutfall var því 66%.

Mynd 1.

Sundurliðun á bakgrunni starfsfólks ásamt fjölda svara frá hverjum hópi

Hópur	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi svara
Stjórnendur leikskóla	5	4
Starfsfólk leikskóla	10	4
Stjórnendur frístundaheimila	5	5
Starfsfólk frístundaheimila	5	1
Stjórnendur grunnskóla	7	5
Starfsfólk grunnskóla	4	4
Kennarar í 1. bekk	11	8
Fjöldi alls	47	31

Starfsstaðir og framkvæmd

Starfsstaðir sem voru valdir til að taka þátt í tilraunaverkefninu voru eftirfarandi: Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt, leikskólinn Rauðhóll, Rimaskóli, frístundaheimilið Tígribær, leikskólinn Laufskálar, leikskólinn Fífuborg, leikskólinn Lyngheimar, Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel, leikskólinn Bakkaborg og leikskólinn Borg.

Boðið var upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir börnin frá 9. ágúst til 18. ágúst eða í 8 daga. Kostnaður vegna dvalarinnar fyrir foreldra var kr. 14.750 kr. gjald fyrir 8 daga. Fjöldi daga var þó breytilegur eftir því hvenær viðkomandi leikskóli lokaði yfir sumarið. Skólasetning í grunnskóla Reykjavíkur var 22. ágúst. Starfsfólk kom frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og höfðu frístundaheimilin þrjú umsjón með verkefninu. Starfsfólk leikskóla sem sinnti sérhæfðum stuðningi fylgdu börnum.

Þátttaka í verkefninu:

Í Norðlingaskóla tóku um 82% barna þátt í tilraunaverkefninu. Í Rimaskóla mældist sambærileg þátttaka eða um 80%. Lakari þátttaka var Breiðholtsskóla en þar var þáttökuhlutfallið um 34%. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá nánari sundurliðun á fjölda barna sem tóku þátt og tóku ekki þátt.

Skóli	Tók ekki þátt	Tók þátt	Heildarsumma
Breiðholtsskóli	29	15	44
Norðlingaskóli	9	43	52
Rimaskóli	10	40	50
Heildarsumma	48	98	146

Tafla 2. Þátttaka barna í tilraunaverkefninu.


- Hér er vert að taka fram að sumarfríslokun leikskóla í Breiðholti skaraðist við þann opnunartíma sem stóð til boða á frístundaheimilinu fyrir verðandi 1. bekkinga og hafði því áhrif á þátttöku barna í verkefninu. Leikskólinn Bakkaborg var í sumarleyfi til 15. ágúst og leikskólinn Borg til 10. ágúst.

Helstu áhrifaþættir þess að foreldrar völdu að taka ekki þátt í verkefninu:

Í foreldrakönnun sem send var á foreldra barna í 1. bekk voru foreldrar sem kusu að láta barnið sitt ekki taka þátt spurðir út í hvaða þættir höfðu áhrif á þá ákvörðun.

Mynd 6

*Hvað hafði áhrif á ákvörðun þína um að skrá barnið þitt ekki fyrir í frístund. (Vinsamlegast merkið við allt sem á við) * Ath þar sem foreldrar gátu valið fleiri en einn valkost er samanlagt hlutfall yfir 100%.*



Eins og sjá má merktu 28% foreldra við að persónulegar ástæður hefði haft áhrif á ákvörðunartökuna. Um 22% merktu við að tímasetning hefði haft áhrif og 6% merktu við að kostnaður hefði haft áhrif á ákvörðunartökuna. Þá merkti 60% foreldra við að aðrir þættir hefðu haft áhrif og voru þeir beiðnir um að tilgreina svar sitt nánar. Fimm af þeim sem völdu annað tiltóku að þau hefðu verið á ferðalagi á umræddum tíma. Tveir tiltóku að það hefði verið of fáir dagar eftir sumarfrí til að fara í *fyrir í frístund* þegar tilraunaverkefnið var. Tveir virtust ekki hafa vitað af möguleikanum á að skrá barnið sitt í *fyrir í frístund* áður en grunnskólagangan hófst. Þá voru þrír sem sögðust ekki hafa þurft á vistun að halda þessa daga og eitt foreldri nefndi flutning milli hverfa sem ástæðu.

Foreldrar barna sem tóku ekki þátt höfðu einnig kost á að koma á framfæri athugasemdum um tilraunaverkefnið í gegnum opin svör. Alls bárust sex svör og voru þau öll jákvæð: foreldrarnir voru ánægðir með framtakið þó verkefnið hefði ekki hentað í þeirra aðstæðum.

1. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf er metin út frá gögnum um hvernig og hvenær stjórnendur, starfsfólk og foreldrar fengu upplýsingar um tilraunaverkefnið.

Framkvæmd

Þann 27. mars 2023 var tillaga um að börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí, samþykkt í skóla- og frístundaráði. Í framhaldi af því var stjórnendum starfsstaða sem voru valdir til þátttöku sendur tölvupóstur með upplýsingum um verkefnið sem og foreldrum barna sem voru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Verkefnið var einnig kynnt fyrir foreldraráðum leikskólanna sem tóku þátt og óskað eftir umsögnum frá þeim. Umsóknir bárust frá foreldraráðum fimm leikskóla.


Viðhorf foreldrar til upplýsingagjafar:

Um 78% foreldrar barna í 1. bekk sem tóku þátt í tilraunaverkefninu töldu upplýsingagjöf um verkefnið hafa verið hæfilega. 21% töldu sig hafa fengið of litlar upplýsingar og 1% foreldra taldi sig hafa fengið of miklar upplýsingar. Þess ber þó að geta að í opnum svörum frá foreldrum barna í 1. bekk voru 16 ummæli sem sneru að því að þörf hefði verið á bættu skipulagi. Þá aðallega að það hefði verið gott að fá meiri fyrirvara um verkefnið til að geta gert ráðstafanir t.d. vegna ólíks opnunartíma leikskólanna og frístundaheimilanna þ.e. leikskólar opna 07:30 en frístundaheimilin kl. 8.30 á morgnanna. Þá bar einnig á óánægju með að það hefði þurft að huga betur að því að börn sem voru í leikskóla utan hverfis en væru að byrja í 1. bekk í þáttökuskólum fengju að taka þátt.

Viðhorf starfsmanna til upplýsingagjafar:

Í starfsmannakönnun var spurt hvort hversu sammála eða ósammála starfsfólk væri eftirfarandi fullyrðingu: “Ég fékk nægar upplýsingar um tilraunaverkefnið áður en það hófst”. Hér fyrir neðan er myndræn framsetning á svörum starfsfólks.

Mynd 2. Viðhorf starfsfólks til upplýsingagjafar



Eins og sjá má voru 11 starfsmenn mjög eða frekar sammála því að upplýsingagjöf hefði verið fullnægjandi. Fimm voru hvorki sammála né ósammála og fimm starfsmenn voru ósammála því að upplýsingagjöf hefði verið fullnægjandi. Þá var einn starfsmaður sem kaus að taka ekki afstöðu. Í opnum svörum frá starfsfólki um helstu kosti og galla verkefnisins og annað sem það vildi koma á framfæri var þó ljóst að þó nokkur óánægja var meðal starfsfólks um hve stuttur fyrirvari verkefnisins var. Búið var að taka ýmsar ákvarðanir varðandi sumarfrístöku starfsfólks og útfærslu á styttingu vinnuviku sem hafi áhrif á útfærslu verkefnisins. Ef fyrirvarinn hefði verið meiri hefði mögulega verið hægt að skipuleggja þessa þætti með verkefnið í huga. Þá þurftu sumir stjórnendur að gera breytingar á sumarfrítöku sinni til að ná að skipuleggja verkefnið og halda utan um framkvæmd þess.

2. Almennt skipulag

Almennt skipulag er metið út frá gögnum og því hvert viðhorf starfsfólks og foreldra var til tilraunaverkefnisins í könnunum og út frá rýnihópum barna í 1. bekk.

Almennt um skipulagið

Frístundaheimilin sem tóku þátt í tilraunaverkefninu höfðu umsjón með verkefninu. Starfsfólk kom frá viðkomandi frístundaheimilum og grunnskólum og starfsfólk leikskóla sem sinnti sérhæfðum stuðningi fylgdi börnunum á frístundaheimilið.

Starfsemin fór fram í húsnæði grunnskólanna en í takmörkuðu mæli í húsnæði frístundaheimilis því þar var verið að reka sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4. bekk fram til 18. ágúst. Meginhlutverk frístundaheimilanna var það sama og ávallt, að bjóða börnum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Rýnihópur barna


Þegar skoðað var hvað börnin í rýnihópum sögðu um almennt skipulag á frístundaheimilunum var ekki hægt að greina mun á þeim hópi barna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu og þeim sem tóku ekki þátt. Þau voru almennt mjög ánægð með það sem þau voru að gera á frístundaheimilinu og vildu jafnvel fá meiri tíma þar því það væru ekki erfið verkefni eins og stundum eru í skólanum þegar þau væru t.d. að læra að lesa og reikna. Munurinn á því að vera í leikskóla og á frístundaheimili sögðu börnin að væri helst það að þau hefðu meira rými, bæði inni og úti á frístundaheimilinu en í leikskólanum. Börnin sögðust ekki finna mun á því sem þau voru að gera á frístundaheimilinu á tímabilinu þegar það var sumarfrístund og eftir að 1. bekkur byrjaði. Verkefnin væru svipuð og það væri gaman.

Könnun stjórnenda og starfsmanna

Í starfsmannakönnun var könnuð afstaða starfsfólks til ýmissa skipulagsþátta og upplifun þeirra af því hvernig daglegt skipulag tókst til. Starfsfólk var til að mynda spurt út í afstöðu sína til þess að starfsfólk leikskóla sé starfandi á frístundaheimili fyrir verðandi 1. bekkina. Á mynd 3 hér fyrir neðan má sjá myndræna framsetningu á svörum starfsfólks.

Mynd 3.

Ég tel mikilvægt að starfsmaður leikskólans sé starfandi í frístund fyrir verðandi 1. bekklinga.




19 starfsmenn voru mjög eða frekar sammála því að það væri mikilvægt að starfsfólk leikskóla starfaði á frístundaheimilinu frá sumarlokun leikskóla fram að skólaopningu. Tveir voru hlutlausir og tveir ósammála. Í opnum svörum leikskólastjóra kom fram að tveir þeirra töldu mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgdi börnum eftir fyrstu daganna en það væri ekki þörf á viðveru þeirra alla daga verkefnis. Þetta koma einnig fram í opnu svara eins stjórnenda grunnskóla og í opnum svörum tveggja almennra starfsmanna. Þá er einnig vert að minnast á að í foreldrakönnun kom í ljós að 86% foreldra þeirra barna sem tóku þátt fannst skipta miklu máli fyrir aðlögun barns að starfsfólk frá leikskólanum hefði fylgt barninu eftir.

Leikskólastjórar voru einnig spurðir hversu mikil áhrif það hefði haft á daglegt skipulag leikskólans að senda starfsfólk með börnunum í verkefnið. Leikskólastjórar svöruðu allir að áhrifin hefðu verið mjög eða frekar mikill. Til að mynda nefndi einn leikskólastjóri að það hafi verið erfitt að taka starfsfólk úr sumarfrí og þar að auki hafi starfsfólk átt inni 8 tíma vinnustyttingu þegar það sneri til baka í leikskólann. Leikskólastjórar voru jafnframt spurðir hvort þeir höfðu getað hafið aðlögun nýrra barna fyrr og svaraði einungis einn leikskólastjóri því játandi en bætti við að það hefði ef til vill ekki verið skynsamlegt að fara þá leið eftir á að hyggja, vegna þess að starfsfólk eigi inni 30 daga sumarfrí en börnin aðeins 20 daga.

Þá var starfsfólk var jafnframt spurt út í afstöðu sína til þess að starfsfólk grunnskóla starfaði á frístundaheimili fyrir verðandi fyrstu bekklinga. Á mynd 4 hér fyrir neðan má sjá myndræna framsetningu á svörum starfsfólks.

Mynd 4.

Ég tel mikilvægt að starfsmaður grunnskólans sé starfandi í frístund fyrir verðandi 1. bekkinga.




Eins og sjá má var mikill meirihluti starfsfólks (20 manns) sammála því að það væri mikilvægt að starfsfólk grunnskóla væri starfandi á frístundaheimilinu fyrir börn sem eru að hefja grunnskólagöngu. Tveir voru hvorki sammála né ósammála og 1 kaus að svara ekki.

Verðandi almennt skipulag á frístundaheimilinu meðan á dvöl verðandi fyrstu bekkinga stóð var starfsfólk sem hafði beina aðkomu að daglegu skipulagi inn á frístundaheimilinu (forstöðumenn frístundaheimilanna ásamt almenntu starfsfólki frá leik, grunn og frístundaheimilunum) beðið um að taka afstöðu til hvernig skipulag eftirfarandi þáttum gekk: opnunartíma, móttöku barna, matartíma og kveðjustund.

Mynd 5.

Ég tel að almennt skipulag hafi gengið vel í tengslum við...



Eins og sjá má taldi mikill meirihluti starfsfólks að skipulag við opnunartíma, móttöku barna, matartíma og kveðjustund barna hafi almennt gengið vel. Það er því ljóst að þrátt fyrir skamman fyrirvara tókst vel að skipuleggja dvöl barnanna að mati starfsfólks.

Foreldrakönnun

Foreldrar barna í 1.bekk sem tóku þátt í verkefninu voru spurð hversu ánægð eða óánægð þau voru með almennt skipulag á frístundaheimilinu og voru 90,8% foreldra mjög eða frekar ánægð með almennt skipulag. Sem rímar vel við svör starfsfólks um hvernig tókst til með almennt skipulag.

3. Líðan barna

Líðan barna er metið með rýnihópum barna í 1. bekk í Breiðholtsskóla, Norðlingaskóla og Rimaskóla og með viðhorfskönnun til foreldra, stjórnenda og starfsmanna í sömu skólum.

Rýnihópur barna

Rýnihópar barna voru samtals sex, þrjú rýnihópar barna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu og þrjú rýnihópar barna sem tóku ekki þátt. Fjöldi barna í rýnihópum voru fjögur til sex, í heildina samtals 33 börn, þar af 16 stúlkur og 17 drengir.

Börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu töldu flest að það væri betra að vera búin að fara á frístundaheimilið áður en 1. bekkur byrjaði, til að kynna vinum. Þau sögðu að það væri samt alltaf smá erfitt að kynna nýjum vinum. Börnin sögðu að þau væru líka svolítið feimin við nýja kennara og töldu það kost að starfsmaður frá leikskólanum var á frístundaheimilinu þegar þau byrjuðu þar. Börn í Norðlingaskóla greindu ekki sérstakan mun á því að byrja á frístundaheimili og skóla, enda samstarf þar mikið. Börnin því töldu ekki nauðsynlegt að hafa starfsmann frá leikskólanum þegar þau byrjuðu á frístundaheimilinu.

Börn sem tóku ekki þátt í tilraunaverkefninu nefndu flest að þau hefðu viljað byrja á sama tíma á frístundaheimilinu og aðrir, m.a. til að fá lengri tíma þar. Sum nefndu að það hefði tekið langan tíma að kynna vinum en önnur sögðu að það hefði ekki tekið mjög langan tíma. Þau nefndu að það hefði verið gott að þekkja aðra úr leikskóla og það hefði verið erfitt að byrja í 1. bekk því þau vissu ekki hvað ætti að gera. Einhver þekktu húsnæðið en öðrum fannst erfitt að rata um og höfðu engan til að hjálpa sér við það. Sum höfðu komið í húsnæði skólans áður með leikskólanum. Börn sem komu úr öðrum hverfum fannst áberandi erfiðast að byrja í 1. bekk, m.a. að eignast vini en voru spennt að byrja í skólanum að læra.

Foreldrakannanir


96% af foreldrum barna í fyrsta bekk sem tóku þátt í verkefninu töldu að barninu sínu hefði almennt liðið vel á frístundaheimilinu. Um 93% foreldra voru að sama skapi ánægð með að hafa sent barnið sitt á frístundaheimilið fyrir verðandi 1. bekkina.

Aðlögun við upphaf skólagöngu

Foreldrar barna í 1. bekk ásamt foreldrum barna í 2. bekk í þátttökuskólunum þremur voru spurð hvernig þeirra barni hefði gengið að aðlagast við upphaf skólagöngu. Því var hægt að gera milli hópasamanburð á aðlögun við upphaf skólagöngu. Svör foreldra má sjá með myndrænum hætti hér fyrir neðan.

Mynd 7

Hversu vel eða illa gekk barninu að aðlagast við upphaf skólagöngu?




92.5% foreldra barna í fyrsta bekk sem tóku þátt í verkefninu töldu að barninu sínu hafa gengið vel að aðlagast í upphafi skólagöngu í 1. bekk. Til samanburðar töldu 81.8% foreldra barna í 1. bekk sem tóku ekki þátt að barninu sínu hefði gengið vel að aðlagast og 75% foreldra barna í öðrum bekk sem hófu skólagöngu í fyrra í umræddum skólum við óbreyttar aðstæður töldu að barninu sínu hefði gengið vel að aðlagast.

Í starfsmannakönnuninni kom einnig skýrt fram að meirihluti starfsfólks telur að skólabyrjun barna verði auðveldari fyrir þau ef aðlögun er á frístundaheimilinu áður en grunnskólinn byrjar, eftir sumarfrí í leikskólanum. Svör starfsfólk má sjá með myndrænum hætti hér fyrir neðan.

Mynd 8

Ég tel að skólabyrjun barna verði auðveldari fyrir þau ef aðlögun er á frístundaheimilinu áður en grunnskólinn byrjar, eftir sumarfrí í leikskólanum.




Eins og sjá má voru 18 starfsmenn mjög sammála, þrjár frekar sammála og tveir hvorki sammála né ósammála.

Viðhorf kennara í 1.bekk

Kennarar barna í 1. bekk voru einnig spurðir út í hvernig aðlögun hefði gengið. Í Norðlingaskóla er samkensla á 1. og 2. bekk og því voru kennarar beggja árganga spurðir í þeim skóla. Heilt yfir var álit meirihluta kennara að skólabyrjun hefði verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Svör kennara má sjá myndrænt hér fyrir neðan.

Mynd 9

Heilt yfir telur þú að skólabyrjun hafi verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu af því að þau voru búin að aðlagast á frístundaheimilinu áður en 1. bekkur byrjaði?



Kennarar voru einnig spurðir hvort þeir hefðu fundið mun á aðlögun þeirra barna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu samanborið við önnur börn sem tóku ekki þátt. Eða í samanburði við árganginn sem hóf skólagöngu í 1. bekk í fyrra (ef þau voru einnig starfandi sem umsjónarkennari í 1. bekk í fyrra). Alls bárust sjö opin svör. Fjórir kennarar sögðu að þeir teldu sig finna jákvæðan mun á aðlögun þáttökubarna samanborið við önnur börn. Þá sögðu þrír kennarar að þeir teldu sig ekki hafa fundið mun á aðlögun. Kennarar eru því samhljóma um að skólabyrjun barna sé ánægjulegri en skiptar skoðanir eru á því hvort það hafi verið munur á aðlögun barnanna.


Aðlögun á frístundaheimilinu

Það var einnig spurt út í aðlögun á frístundaheimilinu og gerður samanburður á hvernig ólíkum hópum gekk að aðlagast frístundastarfinu.

Mynd 8

Hvernig gekk barninu að aðlagast á frístundaheimilinu?*

*Ath. orðalag spurninga var frábrugðið milli hópa: Foreldrar barna sem tóku þátt voru spurðir: "Hversu vel eða illa fannst þér barninu þínu ganga að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu?". Foreldrar barna sem tóku ekki þátt og foreldrar barna í 2. bekk voru spurð sem átta börn sem byrjuðu á frístundaheimili samhliða 1. bekk voru spurð: "Hvernig gekk barninu að aðlagast á frístundaheimilinu?"




Niðurstöður sýndu að 97.2% foreldra barna í fyrsta bekk töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu. Til samanburðar töldu 96.7% foreldra barna í 1. bekk sem tóku ekki þátt í verkefninu að barninu þeirra hafi gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu við upphaf skólagöngu. 85.9% foreldra barna í öðrum bekk töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu við upphaf skólagöngu.

Þá var starfsfólk sem hafi beina aðkomu að daglegu starfi á frístundaheimilinu (þ.e.a.s. forstöðumenn frístundaheimila og almennt starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilisins)

beðið um að meta hvernig aðlögun barnanna hefði gengið. Allt starfsfólk var sammála um að aðlögun barna á frístundaheimilinu/tilraunaverkefnið hefði almennt gengið vel. Svör starfsfólks má sjá með myndrænum hætti hér fyrir neðan.

Mynd 9


Ég tel að börnunum hafi gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu/tilraunaverkefnið:



Þá var starfsfólk jafnframt spurt hvort það teldi að verkefnið sem börnin tóku þátt í á frístundaheimilinu hefðu komið vel til móts við áhugasvið þeirra.

Mynd 10

Ég tel að verkefnið sem börnin tóku þátt í á frístundaheimilinu hafi komið vel til móts við áhugasvið þeirra



Eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan var meirihluti starfsfólks sammála því að verkefnið sem börnin tóku þátt í hefðu komið vel til móts við áhugasvið þeirra.

Afstaða foreldra til þess að börn fari á frístundaheimilið í stað þess að fara aftur á leikskóla.

Foreldrar barna í 1. bekk sem tóku þátt sem og foreldrar barna í 2. bekk (samanburðarhópur) voru beðin um að taka afstöðu til þess hvort þeim fyndist skynsamlegt að börn fari frekar á frístundaheimili eftir sumarfrí í leikskólanum í stað þess að fara aftur á leikskólann í stuttan tíma.

Um 95% foreldra barna í 1. bekk (sem tóku þátt) fannst skynsamlegt að börn fari frekar á frístundaheimili eftir sumarfrí í leikskólanum, frekar en að fara aftur í leikskólann í stuttan tíma. Samanborið við að 81.9% foreldra barna í 2. bekk töldu það skynsamlegt.

4. Fjárhagslegt mat

Í júní 2023 var unnið fjárhagslegt mat á tillögunni og var það eftirfarandi:

“Til grundvallar er lögð sú forsenda starfhóps að af 136 börn muni 122 eða 90% nýta dvöl á frístundaheimili í ágúst. Miðað er við að greiddar séu kr. 7.375.-, kr. 12.906.- eða kr. 14.750.- m.v. fjóra, sjö eða átta daga dvöl fyrir hvert barn og heildartekjur séu um það bil 1,5 milljónir króna.

Starfshópurinn leggur til grundvallar að starfsmenn sem komi úr leikskólum verði úr núverandi starfsmannahópi og því feli það ekki í sér viðbótarkostnað. Gert er ráð fyrir að grunnskólar þurfi að ráða allt að 5 stuðningsfulltrúa í tvær vikur í 100% stöðugildi. Miðað við að stuðningsfulltrúi kosti um 600 þús. kr. með launatengdum gjöldum á mánuði. Fimm starfsmenn í 100% stöðugildum í tvær vikur kosta um 1,5 milljónir króna að meðtöldum kostnaði við frágang og ræstingu.

Gert er ráð fyrir að ráða þurfi þrjá starfsmenn í 100% starf í rúmar tvær vikur auk undirbúnings og frágangs. Heildar launakostnaður frístundastarfs eru um 2,0 milljónir króna.

M.v. að tekjur séu um það bil 1,5 milljónir króna og launakostnaður um það bil 3,5 milljónir króna þá eru launaútgjöld um það bil 2,0 milljónir króna umfram tekjur. Gera má ráð fyrir öðrum kostnaði sem geti numið um 300 þúsundum króna. Í heildina má gera ráð fyrir að tilraunaverkefnið kosti rúmar 2,3 milljónir króna umfram tekjur. Hagrætt verður í rekstri SFS til að tilraunverkefnið rúmist innan fjárheimilda sviðsins.”

	Áætlun sbr. minnisblað 2. júní 2023	Raun tölur eftir að verkefni er lokið	Frávik frá áætlun	Frávik í hlutfalli af áætlun
Tekjur	1.500.000	1.394.961	-105.039	-7,0%
Launakostnaður	-3.500.000	-3.686.016	-186.016	5,3%
Annar kostnaður	-300.000	-184.057	115.943	-38,6%
Samtals kostnaður	-3.800.000	-3.870.073	-70.073	1,8%
Nettó kostnaður	-2.300.000	-2.475.112	-175.112	7,6%

Samantekt á niðurstöðum mats

Upplýsingagjöf

Um 78% foreldrar barna í 1. bekk sem tóku þátt í tilraunaverkefninu töldu upplýsingagjöf um verkefnið hafa verið hæfilega. Í opnum svörum frá foreldrum barna í 1. bekk voru 16 ummæli sem sneru að því að þörf hefði verið á bættu skipulagi og að það hefði verið gott að fá meiri fyrirvara um verkefnið til að geta gert ráðstafanir.

Hvað varðar viðhorf starfsfólks til upplýsingagjafar þá voru 11 starfsmenn af 22 sem svara sammála því að upplýsingagjöf hefði verið fullnægjandi. Í opnum svörum kom fram nokkur óánægja um hve stuttur fyrirvari verkefnisins var.

Almennt skipulag

Börnin í rýnihópum voru almennt mjög ánægð með það sem þau voru að gera á frístundaheimilinu. Ekki var hægt að greina mun á upplifun barna á almennu skipulagi frístundastarfsins í tilraunaverkefninu eða þegar frístundaheimilið byrjaði samhliða skólabyrjun.

Í foreldrakönnun kom fram að 90,8% foreldra voru ánægð með almennt skipulag.

Mikill meirihluti starfsfólks sem hafði beina aðkomu að daglegu skipulagi taldi skipulag við opnunartíma, móttöku barna, matartíma og kveðjustund barna hafa almennt gengið vel.

Í könnun starfsfólks kom fram að það taldi mikilvægt að starfsfólk leikskóla starfaði á frístundaheimili verðandi 1. bekkinga. Í opnum svörum leikskólustjóra kom einnig fram að flestir töldu mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgdi börnum eftir fyrstu daganna, en það væri ekki þörf á viðveru þeirra alla daga verkefnis.

Einungis einn leikskólustjóri sagðist hafa getað hafið aðlögun fyrr en tók fram að eftir á að hyggja að hefði það ekki verið skynsamleg leið að fara vegna mönnunar. Í foreldrakönnun kom fram að 86% foreldra þeirra barna sem tóku þátt fannst skipta miklu máli fyrir aðlögun barns að starfsfólk frá leikskólanum hefði fylgt barninu.

Þá var mikill meirihluti starfsfólks sammála því að það væri mikilvægt að starfsfólk grunnskóla væri starfandi á frístundaheimili fyrir verðandi 1. bekkinga.

Líðan barna

Í öllum rýnihópunum voru börn sem sögðu það kost að byrja fyrr á frístundaheimilinu en einnig börn sem töldu það ekki endilega skipta máli. Í öllum hópunum voru börn sem fannst erfitt að kynnast vinum og börnum sem fannst það ekki erfitt. Megin stef rýnihópanna var því nokkuð svipað en munurinn þó sá að börn sem tóku þá í tilraunaverkefninu þekktu fleiri, börn og starfsfólk, og virtust öruggari með að byrja í grunnskóla. Börn sem tóku ekki þátt í tilraunaverkefninu nefndu einnig að það hefði verið kostur ef þau hefðu þekkt fleiri, og hefðu því sum viljað byrja fyrr. Þau þekktu ekki eins marga og börnin sem tóku þátt í tilraunaverkefninu en nefndu að það hefði verið gott að þekkja þau sem komu úr sama leikskóla. Hópurinn sem ekki tók þátt í tilraunaverkefninu hefði viljað meiri hjálp verðandi leiðsögn um húsnæðið. Í öllum rýnihópum barna kom fram að þeim hafi liðið vel með að byrja í skóla, flestum fannst gaman að læra þó sumt væri erfitt.

96% af foreldrum barna í fyrsta bekk sem tóku þátt í verkefninu töldu að barninu sínu hefði almennt liðið vel á frístundaheimilinu. Um 93% foreldra voru að sama skapi ánægð með að hafa sent barnið sitt á frístundaheimili í ágúst fyrir verðandi 1. bekkina.

92.5% foreldra barna í fyrsta bekk sem tóku þátt í verkefninu töldu að barninu sínu hafa gengið vel að aðlagast í upphafi skólagöngu í 1. bekk. Til samanburðar töldu 81.8% foreldra barna í 1. bekk sem tóku ekki þátt að barninu sínu hefði gengið vel að aðlagast og 75% foreldra barna í 2. bekk sem hófu skólagöngu í fyrri í umræddum skólum við óbreyttar aðstæður.

Í starfsmannakönnuninni kom skýrt fram að meirihluti starfsfólks telur að skólabyrjun barna verði auðveldari fyrir þau ef aðlögun er á frístundaheimilinu áður en grunnskólinn byrjar.

Hvað varðar viðhorf kennara í 1. bekk var álit meirihlutans að skólabyrjun hefði verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu en skiptar skoðanir voru á því hvort kennarar fundu mun á aðlögun barna í sem tóku þátt í samanburði við aðra. Fjórir kennarar töldu sig finna jákvæðan mun á aðlögun þáttökubarna samanborið við önnur börn en þrír kennarar töldu sig ekki finna mun. Kennarar eru því samhljóma um að skólabyrjun barna sé ánægjulegri en skiptar skoðanir eru á því hvort það hafi verið munur á aðlögun barnanna.

Þá sýndu niðurstöður sýndu að 97.2% foreldra barna í fyrsta bekk töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu, til samanburðar töldu 96.7% foreldra barna í 1. bekk sem tóku ekki þátt í verkefninu að barninu þeirra hafi gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu við upphaf skólagöngu. 85.9% foreldra barna í öðrum bekk töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu við upphaf skólagöngu.

Þá var allt starfsfólk sem hafði beina aðkomu að daglegu skipulagi sammála um að aðlögun barna á frístundaheimilinu hefði almennt gengið vel og að verkefnin sem börnin tóku þátt í hefðu komið vel til móts við áhugasvið þeirra.

Foreldrar voru einnig spurðir hversu skynsamlegt eða óskynsamlegt þeir töldu það vera að börn fari frekar í frístundaheimili eftir sumarfrí í leikskólum en að fara aftur í leikskólann í stuttan tíma. Um 95% foreldra barna í 1. bekk sem tóku þátt fannst það skynsamlegt. Samanborið við að 81.9% foreldra barna í 2. bekk töldu það skynsamlegt.

Fjárhagslegt mat

Verkefnið var vissulega aðeins kostnaðarmeira en upphaflega áætlun gerði ráð fyrir en þar munar t.d. að forsendur um fjölda barna voru 93% af áætluðum fjölda. Launkostnaður var hærrí en áætlun en annar rekstrarkostnaður lægri. Í heildina var kostaði verkefnið rúmlega 175 þús. krónur umfram áætlun. Ef tekið er mið af óvissu um framkvæmd og stuttan undirbúningstíma verður að telja frávikið vel innan skekkjumarka.

Mikilvægt er að fram komi að um tilraunverkefni var að ræða og ekki sjálfgefið að hægt sé að yfirfæra verkefnið að öllu leyti á aðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

Verkefnið tók til sex leikskóla, þriggja grunnskóla og þriggja frístundaheimila. Umfang verkefnisins tók til um 7,5% af starfssviðum ofangreindra starfstöðva. Ef verkefnið yrði útfært á öllum starfstöðvum SFS má gera ráð fyrir að kostnaðurinn verði tólf- til sextánfaldur kostnaður við tilraunverkefnið. Þó ekki hafi verið gerð sundurgreind áætlun fyrir allar starfstöðvar um útfærslu á verkefninu má gera ráð

fyrir að líklegur kostnaður verði 35 til 50 milljónir króna á ári. Það mat byggir á því að sömu ráðdeild verði beitt á öðrum starfstöðvum líkt og gert var í tilraunverkefninu. Vikmörk varðandi kostnað skýrast af óvissu um endalega útfærslu er varðar val á starfstöðvum í eldri hverfum borgarinnar.

Fylgiskjöl:

Greinargerð skóla- og frístundaþjónustu Suðurmiðstöðvar

Reykjavík október 2023.

Greinargerð – „fyrir í frístund“ verkefnið í Bökkunum

Samantekt um tilraunverkefnið „Fyrir í frístund“ í Bakkahverfi unnið af deildarstjóra barnastarfs frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í samvinnu við fagstjóra leik- og grunnskóla Suðurmiðstöðvar og framkvæmdastjóra Miðbergs.

Verkefnið „Fyrir í frístund“ var sett af stað vorið 2023 sem tilraunverkefni í þremur skólhverfum í Reykjavík. Breiðholtsskóli, leiksskólarnir Borg og Bakkaborg ásamt frístundaheimilinu Bakkaseli tóku þátt í verkefninu. Ákvörðunin um að fara af stað með tilraunverkefnið kom þegar langt var liðið á vorið og þær stofnanir sem komu að verkefninu voru búnar að ganga frá sumarfríum starfsfólks, lokunum starfsstaða og fleiru sem þarf að huga að áður en verkefni sem þetta er sett í framkvæmd. Vanda þarf til verka áður en farið er af stað með verkefnið sem hefur þverfagleg áhrif og áhrif á starfsemi margra eininga.

Skólastjóri Breiðholtsskóla sagðist ekki hafa húsnæði fyrir börnin á þessum tíma þar sem að kennarar eru í undirbúningi á þessum tíma og þurfi að hafa aðgang að stofunum sínum. Starfsfólk væri ekki til staðar þar sem þau áttu almennt ekki að koma til starfa fyrir en um miðjan ágúst.

Leiksskólarnir voru búnir að ákveða og ganga frá lokunum á sínum starfsstöðum og hafði það áhrif á það hvenær fjögurra vikna frí barnanna væri lokið sem og hvenær starfsfólk leikskóla kæmu aftur til starfa. Vegna þessa var tíminn sem var í boði í „Fyrir í frístund“ styttri fyrir börnin í okkar hverfi.

Frístundamiðstöðin Miðberg var einnig búin að ganga frá lokunum á sínum starfsstöðum og sumarfríum starfsfólks. Frístundafræðingur átti að sjá um verkefnið en það er enginn frístundafræðingur við frístundaheimilið Bakkasel og ákvað deildarstjóri barnastarfs að fá aðstoðarforstöðumann Bakkasels í verkefnið en þar sem að forstöðumaður Bakkasels var enn í sumarfrí þá þurfti að færa stjórnanda frá öðrum starfsstað yfir í Bakkasel til þess að mönnun myndi ganga upp í Bakkaseli á meðan. Frístundaheimilið Bakkasel er með tvö húsnæði á skólalóðinni og vildi skólastjóri að verkefnið færi fram í öðru þeirra. Annað húsnæðið var í notkun fyrir sumarfrístund 1. – 4. bekkjar og hitt húsnæðið notað af Vinnuskólanum en Breiðholtsskóli hefur lánað Vinnuskólanum húsnæðið síðastliðin sumur.

Skráning fyrir verkefnið fór fram í júní og átti að vera lokið 27.júní, áður en starfsstöðum yrði lokað og fólk færi í sumarfrí. Þar sem ákvörðun kom seint varðandi þessa tilraun þá var ekki um annað að ræða en að hafa skráningu á þessum tíma en að sjálfsögðu þarf skráning að fara fram miklu fyrir, helst ekki seinna en í mars/apríl. Einnig var ákveðið í júlí (þegar flestir voru í sumarleyfi) að opna einnig fyrir skráningar barna úr öðrum leikskólum sem voru skráð í viðkomandi grunnskóla. Við bættust 3 börn sem hafði engin áhrif á starfsemi okkar nema að því leiti að börnin sem komu úr öðrum leikskólum voru sýnilega óruggari þar sem þau þekktu hvorki önnur börn né starfsfólk.

Fyrr í frístund fór fram dagana 10. – 18. ágúst þar sem börnin sem voru í leikskólunum Borg og Bakkaborg stóð til boða að taka þátt í verkefninu. Þar sem báðir þessir leikskólar fóru seint í frí þá gátu börnin frá Borg skráð sig frá 10.-18. ágúst en börnin frá Bakkaborg ekki nema frá 14. – 18. ágúst. Voru þessar dagsetningar nýttar til þess að tryggja það að börnin myndu fá 4 vikna sumarleyfi eins og stendur í leikskólalögum. Þann 9. ágúst var starfsdagur þar sem aðstoðarforstöðumaður Bakkasel, 2 starfsmenn skólans, einn frá Bakkaborg og einn frá Borg fengu tíma saman til þess að kynna aðeins ásamt því að undirbúa húsnaði og dagskrá fyrir þessa daga. Þessir einstaklingar höfðu einungis hist einu sinni áður á stuttum fundi. Allt var þetta frekar ungt fólk sem starfar sem leiðbeinendur og náðu þau að nýta starfsdaginn vel til undirbúnings. Það fór þó svo að heimastöð verkefnisins var í skólanum að þessu sinni á ganginum þar sem stofur 1. og 2.bekkjar eru til húsa.

Þessir dagar gengu í heild sinni vel en einungis voru átta börn sem voru skráð frá 10.-18. ágúst og síðan bættust við önnur átta sem voru skráð frá 14.-18. ágúst. Þetta voru því mest 16 börn sem mættu þessa daga en 42 börn voru skráð í 1.bekk í Breiðholtsskóla. Verkefni var því frekar „ljúft og krúttlegt“ og gekk vel að sögn starfsmanna og var einnig okkar upplifun að það væri almenn ánægja meðal foreldra. Starfsfólkið stóð sig með prýði og því vel heppnað hvað það varðar.

Hins vegar er ekki hægt að segja að þetta sé vel heppnað verkefni þar sem það gefur ekki raunsæja mynd af því hvernig „Fyrr í frístund“ verður sem hluti af sumarstarfi þar sem er í boði fyrir börn að mæta í frístundastarf til þess að kynna skólanum sínum og frístundastarfi áður en skólustarf hefst. Hér voru börn að mæta í frístundastarf með einum starfsmanni frístundar, tveimur frá leikskólum og tveimur frá grunnskóla sem ekki eru kennarar og því eru börnin ekki að kynna tilvonandi kennurum. Heimastöðin var í skólanum á þeirra skólagangi og fengu börnin því að kynna því umhverfi sem þau mæta í þegar skólinn hefst og mikilvægt að halda þeirri tengingu.

Fjármál. Hér eru helstu kostnaðarliðir teknir saman:

Efni					
Ýmsar smávörur	13.374				
Lalli	11.250				
Handment	20.478				
Speglar og sápukúlur	9.223				
Leikföng	8.394				
Geymslukassar	7.344				
	<u>70.063</u>				
Laun					
Starfsmaður 1	455.418	753.192	2,6 vikur	Frá Miðbergi	
Starfsmaður 2	336.264	657.243	2,2 vikur	Frá skóla	
Starfsmaður 3	339.913	664.376	2,2 vikur	Frá skóla	
	<u>1.131.596</u>				
Teikjur					
Bakkasel-Borg	100.667				
Bakkasel-Bakkaborg	59.000				
	<u>159.667</u>				

Hér eru einungis tekin inn laun aðstoðarforstöðumanns í Bakkaseli og tveggja stuðningsfulltrúa í Breiðholtsskóla sem eru þau „auka“ útgjaldsliðir sem komu fram þessu sinni.

Það eru þó nokkur atriði sem hafa ber í huga ef að verkefni sem þetta á að fara af stað á einum eða fleiri starfsstöðum.

1. Þar sem um er að ræða aðstoðarforstöðumann (frístundafræðing) á öllum frístundaheimilum Breiðholts þá þarf viðkomandi að vera búinn að taka sitt sumarleyfi fyrir verslunarmannahelgi, 5-6 vikur yfir sumartímann, eftir óskum viðkomandi. Það hefur þau áhrif að

aðstoðarforstöðumaður er ekki í starfi í sumarfrístund í 7-8 vikur en sumarið er almennt um 11 vikna tímabil að ræða. Lokað í fjórar vikur og opið í 7 vikur.

2. Þar sem aðstoðarforstöðumaður er ekki inn á starfseiningunni í ágúst þá þyrfti forstöðumaður einnig að vera kominn til starfa strax eftir verslunarmannahelgi svo það sé stjórnandi á staðnum. Í aðdraganda skólasetningar eru þurfa forstöðumenn einnig að vera að undirbúa vetrarstarfi, taka inn börn og manna sínar starfseiningar meðal annars. Forstöðumaður þarf því helst einnig að vera búinn að taka sitt sumarleyfi fyrir verslunarmannahelgi með sömu forsendum og hér að ofan.
3. Ef ekki á að koma til mikillar þjónustuskerðingar við börn sem eru í sumarfrístund (1. – 4. bekkur) þá þarf að ráða inn í auka stöðugildi á allar starfseiningar svo að stjórnendur geti bæði sinnt sínu störfum og tekið sumarleyfi. Það þyrfti því að gera ráð fyrir ráðningu frístundaráðgjafa í 8 vikur yfir sumarið að auki til þess að tryggja mönnun þegar annar stjórnandinn er frá. Þá er ekki búið að skoða hvort leysa þurfi stöðu stjórnenda þegar þeir eru í styttingu.
4. Gera má ráð fyrir því að ef að leikskólar eigi að hefja aðlögun fyrir þá gætu þeir þurft að fá inn/ráða auka mannskap þar sem þau senda frá sér einn starfsmann frá hverjum leikskóla.

Samantekt:

Breiðholtsskóli. Starfsfólk sem sinnti verkefninu eru starfsmenn skólans og því ekki um beinan aukakostnað að ræða en skólinn er/var tveimur starfsmanneskjum undir þann tíma sem undirbúningur fyrir skólann fer fram þar sem starfsfólk getur ekki sinnt verkefnum skólans á meðan verkefni fer fram. Það er ekki raunhæft að nýta húsnæði skólans sem heimastöð þar sem að á þessum tíma er undirbúningur í fullum gangi og kennarar þurfa að hafa aðgang að stofum til að gera og græja, oft eru líka húsgagnatilfæringar í gangi o.fl. Verkefnið sem slíkt er gott og gilt en fyrirsögnin er „fyrir í frístund“ og það ætti að segja nokkuð til um meginmarkmiðið. Nemendur geta kynnst skólahúsnæðinu í leiðinni og náð ákveðnu öryggi í umhverfinu en það er ekki raunhæft að verkefnið feli í sér að þau komi „fyrir í skóla“. Börnin geta því ekki verið á sínum „heimstöðvum“ í skólanum þar sem þeirra nám mun fara fram í ágúst.

Leikskólarnir. Fyrir börn frá leikskólanum Bakkaborg var frístundin ekki neitt neitt þar sem þetta voru einungis fjórir dagar. Starfsmaðurinn sem fór í verkefnið var með stuttan starfsaldur og átti styttra sumarleyfi og gat því komið fyrir inn. Hér reyndi ekki á styttingu starfsmanns eða neitt að þessu sinni. Þar sem einungis var um fjóra daga að ræða þá reyndi ekki á aðlögunina sem hafði þegar verið skipulögð út frá starfsmönnum í húsi.

Leikskólinn Borg sendi starfsmann sem er skráður í tímavinnu og á því ekki styttingu og reyndi ekki á sumarleyfi viðkomandi heldur. Börnin frá Borg fengu 7 daga í „fyrir í frístund“ verkefninu. Aðlögun á leikskólanum fór fyrir af stað með því að færa til innahús á leikskólanum og gat hún því hafist viku fyrir.

Þar sem verkefnið fór seint af stað var búið að lofa starfsfólki orlofi á þessum tíma og því hefði mögulega verið hægt að taka börn enn fyrir inn í leikskólann en raunin varð.

Frístundin. Starfsmaður Bakkasels (starfandi aðstoðarforstöðumaður) stóð sig vel í sínu verkefni en eins og áður kom fram þá þyrfti að fá aðstoðarforstöðumann frá öðru frístundaheimili svo það væri

stjórnandi á staðnum. Aðstoðarforstöðumaður Bakkasels átti styttingu á þessu tímabili og fengum við starfsmann frá Bakkaseli til að taka hans stöðu þann dag. Húsnæðismál er eitthvað sem þarf að skoða en þau eru að sjálfsgöðu mismunandi eftir bæði frístundaheimilum og hverfum. Einhverjir staðir gætu skipt sínum starfsstað þannig upp að hægt væri að taka á móti bæði börnum í sumarfrístund og leikskólabörnunum sem eru að mæta í fyrr í frístund. Það á þó alls ekki við alls staðar og það krefst góðrar samvinnu með skóla að taka á móti börnunum og skipuleggja út frá því hvað er best fyrir börnin en ekki einungis starfsfólkið.

Almennt er viðhorf jákvætt gangvart verkefninu sem slíkt en það er margt sem þarf að leysa áður en það er hægt að gera það að raunveruleika.

Starfsfólk Suðurmíðstöðvar

Herdís Snorradóttir deildarstjóri barnstarfs Miðbergs
Elísabet Helga Pálmadóttir fagstjóri leikskóla
Ágúst Frímann Jakobsson fagstjóri grunnskóla
Helgi Eiríksson framkvæmdastjóri Miðbergs

Greinargerð skóla- og frístundaþjónustu Austurmíðstöðvar

Reykjavík október 2023.

Fyrr í frístund í Rimahverfi í ágúst 2023 - greinargerð

Greinargerð þessi er frá fagstjórum leik- og grunnskóla Austurmíðstöðvar, deildarstjóra barnsviðs og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar.

Frá frístundaheimilinu kom frístundafræðingur sem stýrði verkefninu. Leikskólarnir sendu allir framúrskarandi fólk í verkefnið og mögulega vildu allir halda í sitt verklag frá hverjum leikskóla. Það er skiljanlegt því upplifunin er að þannig náir þú fljótt stjórn og yfirsýn yfir þinn hóp. Það er ekki samhæft verklag og getur skapað glundroða þegar sömu reglur gilda ekki um alla. Skammur undirbúningstími og lítil kynni starfsfólks hafði mikil áhrif þarna.

Við veltum fyrir okkur hvort verkefnið sé of stutt til þess að starfsfólk sem sinnir því kynnist öllum börnunum í hópnum eða ætti það að einbeita sér mest að hópnum sem það fylgir? Starfsfólk grunnskóla og frístundaheimilisins er líklegast til að fylgja börnunum áfram og þyrftu því að einbeita sér að því að kynnast öllum. Starfsfólk leikskóla hefði ekki þurft að vera allan tímann barnanna vegna, þau aðlöguðust vel og voru sátt við að kynnast nýju fólki. Því veltum við fyrir okkur hvort manna ætti verkefnið með starfsfólki frá frístundaheimili og nýta mannafla leikskólans í aðlögun nýrra barna þangað. Til þess að það megi verða þarf að fjölga starfsfólki frístundaheimilisins og ráða sérstaklega inn í þetta verkefni eða sleppa sumarfrístund annarra árganga.

Starfsmannaskipulag þarf að vera neglt niður í tíma og huga þarf sérstaklega að fyrirkomulagi styttingar en vegna misskilnings í sumar var örlítt losaragangur með það sem hafði áhrif inn á leikskólana. Starfsfólk leikskóla tók ekki styttingu í Fyrr í frístund verkefninu og taldi sig því eiga það inni þegar það sneri aftur til starfa í leikskólann en á undirbúningsfundi lögðu þau til að vinna styttingardagana og áttu því að fá yfirvinnu greidda fyrir þá vinnu. Verkefnið þarf að gera ráð fyrir því að starfsfólk komist í styttingu og neysluhlé rétt eins og aðra daga ársins.

Rimaskóli var með starfsemi í skólanum mestan hluta tímans og þar var eldaður dýrindismatur sem starfsfólk úr Fyrr í frístund hafði aðgang að í hádegi. Þetta fór vel í mannskapinn og var alveg frábær bónus fyrir hópinn.

Verkefnið var vel sótt og foreldrar skráðu börn sín á réttum tíma í verkefnið svo það var ljóst nokkuð snemma (miðað við þann tíma sem gefinn var) að mikil ásókn var í þetta.

Við viljum gera alvarlegar athugasemdir við þann skamma fyrirvara sem var á verkefninu. Ef vel á að vera þarf að vera ljóst um áramót ef keyra á verkefni af þessari stærðargráðu sem þverar leik, grunn og frí. Sumarlokanir leikskóla og frístundaheimila þarf að samræma svo hægt sé að virkja annað markmið verkefnisins en það er að hefja aðlögun nýrra barna í leikskólana fyrr. Tryggja þarf öllum börnum fjögurra vikna sumarleyfi, orlof starfsmanna þarf að miðast við að fólk sem á að taka þátt í verkefninu sé mætt til starfa, stuðningsfulltrúar grunnskólans þurfa að koma fyrr úr sumarleyfi til að taka þátt og hefur það áhrif á orlof og mögulega úttekt á styttingu. Skipuleggja þarf húsnæði sem á að nýta og starfsfólkið þarf mun lengri tíma til að skipuleggja og undirbúa alla þætti verkefnisins, sérstaklega frístundafræðingurinn sem á að stýra starfi með hópi fólks sem kemur úr sitt hverri áttinni og þekkist lítið eða ekkert.

Starfsfólk frístundar talaði um að heill dagur væri mikið fyrir börnin marga daga í röð í nýjum aðstæðum en starfsfólk leikskóla áttaði sig ekki á því þar sem þau eru vön að vera með börnin allan daginn alla daga og þekktu þann hóp sem þau fylgdu.

Viljum við að börnin kynnist starfi frístundaheimilisins sem löngum degi eða væri mögulega hægt að bjóða uppá hálfu daga, gæti það verið valkostur sem hentaði þá kannski þeim foreldrum sem fannst þetta heldur dýrt?

Ánægja foreldra virðist mikil, ef við byggjum á því sem við heyrðum frá starfsfólki verkefnisins og þeim foreldrum sem við höfum átt óformlegt spjall við.

Aðlögun var fyrr í einum leikskóla, líklega viku til 10 dögum fyrr og gekk vel en leiddi ekki til mikillar breytingar í heildina þar sem starfsmannaekla hafði svo áhrif á framhald aðlögunar nýrra barna.

Sumarlokanir voru seinni í hinum tveimur og því ekki möguleiki að færa aðlögun til og þar með reyndi ekki á þennan hluta verkefnisins þar.

Huga þarf sérstaklega að börnum sem koma úr leikskólum utan hverfis og þekkja engan sem kemur að verkefninu. Þetta eru börn sem ekki hafa verið í leikskólum í hverfinu en eru að fara í viðkomandi grunnskóla og frístundaheimili. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um meiri aðkomu að þeim börnum og jafnvel að mynda hóp með þeim sem er á ábyrgð ákveðins starfsfólks til að byrja með þar sem þau þurfa mögulega frekari athygli og aðlögun.

Í sumarfrístund eru í boði vikunámskeið og kom til tals að hafa það líka þannig í þessu verkefni þannig að foreldrar gætu skráð í aðra vikuna ef það hentar.

Í upphafi var lagt upp með að aðeins börn í umræddum leikskólum tækju þátt í verkefninu. Í júlí kom í ljós að nokkrir foreldrar sem áttu börn í leikskólum utan hverfis sóttu um fyrir börn sín enda voru þau með samþykktu skólavist í viðkomandi grunnskóla. Samkvæmt því sem lagt var upp með voru þau ekki samþykkt inn í verkefnið. Leiddi það til mikillar óánægju hjá viðkomandi foreldrum sem meðal annars rataði í neikvæða umræðu í fjölmiðlum og samskiptamiðlum. Borgarráð tók málið upp og ákvað að breyta reglum og hleypa öllum börnum að sem áttu samþykktu skólavist í viðkomandi grunnskóla. Allir foreldrar fengu því bréf með þessu boði. Mikil vinna var við að leiðrétta þetta í júlí þegar nánast allir sem að verkefninu komu voru í sumarleyfi. Við erum ósátt við að reglum skyldi vera breytt þegar allt var komið í gang þó við séum meðvituð um að einn tilgangurinn með þessu sé að aðlaga börn að umhverfi grunnskólans og starfsemi frístundaheimilisins. Hefðum viljað gera tilraun án þess að virkja þetta þegar svona langt var liðið á sumar.

Val á skólum/hverfum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu leiddi til erfiðleika fyrir þá aðila, t.d. voru mjög erfiðar aðstæður í Norðlingaskóla til þess að takast á við verkefnið. Ef gera á áframhaldandi tilraunir þá óskum við eftir betra samráði við okkur í góðum tíma.

Ef til kemur að framhald verði á verkefninu þá bendum við á að skoða það skipulag sem er í Klébergsskóla en þar hefur þetta verið gert í mörg ár. Leikskólabörnin blandast þar í sumarfrístund þ.e. eru ekki sér. Barnafjöldinn (fámennið) þar gerir það mögulegt en erfitt er að sjá það ganga upp í fjölmönnum hverfum.

Stærsta spurningin í svona verkefni er hvort hagur var að þessu fyrir börnin? Við erum sammála um að allir sem komu að verkefninu lögðu sig 100% fram til þess að börnin ættu góða og lærdómsríka daga. Skilgreina þarf markmið skýrt í hverri stofnun svo mögulegt sé að meta hvort markmiðum var náð. Hraðinn á verkefninu gerði okkur ekki kleift að sinna þessum hluta nógu vel. Þannig er ekkert mælanlegt með aðlögun í leikskólunum eða húsnæði grunnskóla og frístundaheimila. Viðhaldsvinna var í gangi í grunnskólanum sem var lítið notaður þess vegna en eitt af markmiðunum var að börnin gætu kynnst húsnæði grunnskólans. Þá var nefnt að börnin ættu að hitta kennara sína en því var ekki viðkomið.

Starfsfólk Austurmiðstöðvar:

Hildur L. Jónsdóttir fagstjóri leikskóla

Bára Birgisdóttir fagstjóri grunnskóla

Þóra Melsted deildarstjóri barnastarfs Brúarinnar

Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri Brúarinnar

Upplýsingabréf til foreldra

Kynningarbréf fyrir foreldra leikskólanna

Rauðhóls, Laufskála, Fífuborgar, Lyngheima, Bakkaborgar og Borgar.

Efni: Tilraunaverkefni um dvöl á frístundaheimili í ágúst, frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Reglubundið hefur komið fram umræða þess efnis að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021 var lögð fram eftirfarandi tillaga: *Börn sem ljúki leikskóla snúi ekki aftur á leikskólann eftir sumarfrí heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu.* Tillögunni var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Í greinargerð með tillögunni er fjallað um það að með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir þennan hóp nýrra nemenda væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hæfist af fullum krafti. Einnig er bent á að mikill kostur væri að geta unnið strax að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfrí lýkur.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. mars 2023 var samþykkt að hefja tilraunaverkefni um ágústfrístund frá því að sumarlokun leikskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að velja starfsstöðvar til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Verkefnið á að hefjast í ágúst 2023 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun í borgarráði um framhaldið.

Gert er ráð fyrir að bjóða börnum sem eru að hefja grunnskólagöngu upp á dvöl á frístundaheimili frá 9. ágúst til 18. ágúst næstkomandi eða í 8 daga. Fjöldi daga er þó breytilegur eftir því hvenær viðkomandi leikskóli lokar yfir sumarið. Námskeiðsgjöld og lengd hvers námskeiðs má sjá hér fyrir neðan.

Athugið að börnin fara ekki aftur í leikskólann að loknu sumarleyfi leikskólans.

Þeir starfsstaðir sem valdir voru til að taka þátt í tilraunaverkefninu eru:

Norðlingaholt

Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt

- Leikskólinn Rauðhóll. Námskeið frá 10. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 12.906 kr.

Grafarvogur

Rimaskóli, frístundaheimilið Tígrisbær

- Leikskólinn Laufskálar. Námskeið frá 9. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 14.750 kr.
- Leikskólinn Fífuborg. Námskeið frá 10. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 12.906 kr.
- Leikskólinn Lyngheimar. Námskeið frá 10. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 12.906 kr.

Breiðholt

Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel.

- Leikskólinn Bakkaborg. Námskeið frá 15. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 7.375 kr.
- Leikskólinn Borg. Námskeið frá 10. – 18. ágúst. Námskeiðsgjald 12.906 kr.

Greitt er fyrir vistunina í lok ágúst og því kemur ekki til að foreldrar þurfi að greiða bæði fyrir dvöl á leikskóla og frístundaheimili á sama tíma. Eins og í almennu sumarfrístundinni koma börnin með nesti fyrir daginn.

Meginhlutverk frístundaheimila er að bjóða börnum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Frístundaheimilin eru með starfsdag mánudaginn 21. ágúst nk. og annað starfsfólk grunnskóla og leikskóla sem kemur að framkvæmdinni eru að undirbúa komandi skólaár og því engin þjónusta í boði þann daginn. Skólasetning í grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2023 - 2024 er 22. ágúst 2023.

Starfsfólk kemur frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum og hafa frístundaheimilin þrjú umsjón með verkefninu. Starfsfólk leikskóla sem sinnir sérhæfðum stuðningi fylgir börnum.

Gert er ráð fyrir því að foreldrar barna í 5 ára deildum ofangreindra leikskóla fái uppsögn á sínu leikskólaplássi í lok júní og uppsögn taki gildi þegar leikskólinn fer í sumarfrí eða einum mánuði síðar.


Starfsemin fer fram í húsnæði grunnskólanna en í takmörkuðu mæli í húsnæði frístundaheimilis því þau eru að reka sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4. bekk fram til 18. ágúst næstkomandi.

Hingað til hefur aðlögun nýrra barna í leikskóla ekki hafist fyrr en í kringum 20. ágúst og stendur sú aðlögun oft langt fram á haustið. Dvöl elstu barna leikskólanna á frístundaheimilum í ágúst gefur leikskólunum svigrúm til að hefja aðlögun yngri barna fyrr en ella eins og áður segir.

Þegar hefur verið fundað með foreldraráðum allra viðkomandi leikskóla og verkefnið kynnt. Óskað var eftir umsögn frá hverju foreldraráði um verkefnið.

Skráning í starfið er hafin og fer fram á vefnum <http://sumar.fristund.is>. Athugið að við skráningu þarf að nota Rafræn skilríki eða Íslykil. **Skráningu lýkur 27. júní.** Til að finna námskeiðin er best að velja hverfi og fæðingarár og þá ætti að vera auðvelt að finna rétta námskeiðið sem ber heiti frístundaheimilisins og leikskólans sem barnið er á.

Frekari upplýsingar og aðstoð við skráningu er hægt að fá hjá þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111.



sviðsstjóri
skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur